

Fundargerð stjórnarfundar 24. mars 2011

Staður: Hæðargarður 34, Reykjavík.

Tími: 24. mars, 2011, kl. 20.00 – 22.24

Viðstaddir:

Fulltrúi Heiðarbrautar: Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG)

Fulltrúi Gilbrautar: Sveinn Baldursson (SB)

Fulltrúi Dalbrautar: Hjalti Elíasson (HE)

Fulltrúi Króks: Hannes Siggason (HS)

Fulltrúi Keldudals: Guðrún S. Ólafsdóttir (GSÓ)

Fulltrúi Hlíðarbrautar: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)

Forföll boðuðu:

Fulltrúi Hólsbrautar: Valdimar Reynisson (VR)

Gestur á fundinum var:

Magnús Jóhannesson, Króki 2

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- 1) Farið yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar, lýst eftir athugasemdum og fundargerðin borin upp til samþykktar (Umsj. SG)
- 2) Fjárhagsstaða félagsins (Umsj. GSÓ)
- 3) Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsj. HE)
- 4) Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010-2011 – Sjá fylgiskjal með fundarboði. (Umsjón yfirferðar HS en allir stjórnarmeðlimir eiga verkefni á listanum)
- 5) Önnur mál (Allir)

-
- 1) Farið yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar, lýst eftir athugasemdum og fundargerðin borin upp til samþykktar.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

- 2) Fjárhagsstaða félagsins (umsjón GSÓ)

Fjárhagsstaðan er óbreytt.

Rætt var um að hækka árgjaldið í 3.000.- og bera þá hugmynd upp á næsta aðalfundi félagsins.

Rætt var um að rukka árgjöldin með tölvupósti.

3) Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsjón HE)

Fundur var haldin hjá SR í fyrri hluta mars.

HE sagði frá störfum SR.

HE bar upp spurningar frá stjórn FLÁF:

1. Er samningurinn á milli SR og landbúnaðarráðuneytisins enn í fullu gildi?
Svarið var að svo sé.
2. Spurt var um leigugjöld fyrir 2011 ef ekki verða komnir vegir að löndunum.
Ekkert svar kom við því.
3. Hefur verið gerð kostnaðaráætlun fyrir deiluskipulag á Fellsmörk?
Einn svaraði að það þyrfti ekki að kosta mikla peninga, annar sagði að trúlega muni það kosta nokkrar miljónir.
Magnús lagði til að SR verði skrifað bréf og spurt með ákveðnum hætti hvort þeir ætli að standa við sinn hluta samningsins, til að fá skírt svar við því hvar við stöndum.

4) Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010-2011. Sjá fylgiskjal með fundargerð. (Umsjón yfirferðar HS en allir stjórnarmeðlimir eiga verkefni á listanum)

Verkefni nr. 1. Hagsmunamál landnema gagnvart SR:

- 1.1 Endurgreiðsla leigu árið 2010 til þeirra landnema sem eru með lönd án vegasambands:
HS skírir frá því að hafa sent bréf til þeirra landnema sem ekki höfðu vegasamband að löndum sínum, vegna endurgreiðslu frá SR.
- 1.2 Varanlegar stofnbrautir á austursvæði:
HS lýsir yfir að við eigum ekki að sætta okkur við framkomu SR varðandi vegaframkvæmdir á svæðinu. Okkar krafa eigi að vera sú að vegir verði lagðir án skerðingar á löndum.
HE var beðin um að ath. hvort hægt sé að fá gögn sem hafa farið á milli SR og byggingarfulltrúa í Vík.
- 1.3 Varanlegar stofnbrautir á vestursvæði:
Sama og í fyrri lið um austursvæðið.
- 1.4 Nýir leigusamningar við SR:
Óbreytt.
- 1.5 Varanlegir varnargarðar vegna vatnsfalla – Viðhald varnargarða.
Óbreytt.

1.6 Varanlegir vegslóðar að öllum lóðum landnema – Viðhald vegslóða:
Óbreytt.

1.7 Varanlegar fjárheldar girðingar:
Óbreytt.

Verkefni nr. 2 Hagsmunamál landnema gagnvart öðrum en SR:

2.1 Rafmagn á Fellsmörk – Athugun á kostnaði og möguleikum:
GSÓ er með málið í vinnslu. Er enn óljóst en upplýsingar væntanlegar eftir páska.

Verkefni nr. 3 Landgræðsluskógaverkefnið á Fellsmörk:

3.1 Undirbúningur fyrir sumarið 2011:
Ákveðið var að HS sendi plönntuumsóknina sem hann kynnti á síðast fundi.

Verkefni nr. 4 Fræðslumál félagsmanna:

4.1 Árlegur fræðslu- og upplýsingafundur:
Óbreytt.

Verkefni nr. 5 Upplýsingar til félagsmanna:

5.1 Heimasíðan:
ERS sagði að málið væri í góðum farvegi.

Verkefni nr. 6 Stefnumótun

6.1 Stefnumótun Félags landnema á Fellsmörk:
Frestað til haustsins.

5) Önnur mál:

Magnús ræddi um leiðir til að koma málum í lag á milli FLAF, SR og ráðuneytisins. Leita þarf eftir formlegu svari frá SR um það hvað þeir ætlast fyrir með Fellsmörkina. HS lagði til við Magnús að hann skrifaði bréf til SR en fyrst þarf að fá gögn/upplýsingar frá byggingarnefndinni í Vík. HE mun afla þeirra gagna. HE ræddi um lög sem eru væntanleg varðandi ábúendur á jörðum.

Fundi slitið um kl. 22.24

Fundargerðina ritaði Sigurlaug Guðmundsdóttir

Dreifing:

- Stjórn félagsins
- Heimasíða félagsins

Fylgiskjöl fundargerðar:

- Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010 – 2011, útg. 4 – 20.01.2011
- Pöntunarblað fyrir Landgræðsluskóga árið 2011

Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir: